



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 7. október 2020



Fimmti fundur 63 stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal E, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 7. október 2020 kl. 12.00.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 8 mánaða uppgjör
AÞ kynnti 8 mánaða uppgjör. Staða HSÍ er sterk um þessar myndir, en eins og áður hefur komið fram er óvissa vegna 2021 mikil og talsverð vinna verður til áramóta við að tryggja tekjuhlið 2021.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. Staða landsliða
RG kynnti stöðuna á landsleikjunum sem er framundan. Ákveðið var að víxla heimaleikjum við Ísrael í undankeppni EM karla og munum við því vera með 2 heimaleiki í nóvember. Annað er óbreytt á dagskrá.
 - b. Ný heimasíða
Ný heimasíða HSÍ fór í loftið í vikunni og er það mikið ánægjuefni. Áfram verður unnið með hana í vetur og frekari nýjungar verði kynntar þegar líður á.
 - c. Breytum leiknum
Átakið breytum leiknum mun halda áfram í október og er verið að klára enska útgáfu af auglýsingunni. Í kjölfarið verður það kynnt fyrir EHF og IHF. Örlitlar áherslubreytingar verða í október þar sem tölfræði verður kynnt í auknum mæli.
4. Frestun móta vegna Covid 19
RG kynnti stöðuna varðandi nýjar reglugerð vegna Covid 19. Stjórn HSÍ harmar þá mismunun sem kynnt var í auglýsingu heilbrigðisráðherra. RG mun funda áfram um málið við ÍSÍ og í kjölfarið verður tekin ákvörðun um framhaldið.
5. Styrkur til félaga vegna Covid 19
AÞ lagði til við stjórn HSÍ að HSÍ myndi styrkja aðildarfélögin um greiðslu 2 á dómareikningum í meistaraflokki. Með því erum við að styrkja félögin á þessu erfiðu tímum þar sem tekjur félaga hafa orðið fyrir áfalli sökum Covid 19 og áhorfendatakmárana. Áætlað er að þetta mun kosta sambandið 5,7 milljónir. RG og DBG semja tilkynningu til félaganna.
6. Erindi frá aðildarfélögum
 - a. Bréf frá Fram varðandi félagaskiptagjöld
Bréf barst frá Fram um hvort ætti að greiða félagaskiptagjöld fyrir leikmenn sem eru að skipta úr félögum sem hafa verið lögð niður. Í reglugerð um félagaskipti er gert ráð fyrir því að leikmenn þurfi að hafa félagaskipti og því er það niðurstaða stjórnar. Laganefnd mun skoða málið framhaldi.
 - b. Bréf frá Vængjum Júpiters varðandi félagaskiptagjöld



Erindi barst frá Vængjum Júpiters um niðurfellingu á félagaskiptagjöldum vegna þess að liðið sé að koma nýtt til leiks. Stjórn HSÍ telur sig ekki hafa heimild til þess að veita afsláttinn en mun taka málið upp á næsta ársþingi HSÍ.

7. Skipan nefnda

Staðfest varð tillaga formanns dómaranefndar um skipun nefndarinnar tímabilið 2020-2021.

8. Breytingar á reglugerðum

- a. Reglugerð um handknattleiksmót
Breyting var sett inn í grein um bikarkeppni m.flokks er varðar skiptingu miðafjölda og uppgjör kostnaðar. Tillagan var samþykkt
- b. Reglugerð um sérstök atvik
Samþykkt var reglugerð um sérstök atvik ef ske kynni að það þyrfti að fresta Íslandsmóti.

9. Önnur mál

- a. Eftirlit á leikjum
Reynt verður að takmarka eftirlit á leikjum eins og hægt er en þó innan marka. Dómaranefnd falið að útfæra það.

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 4. nóvember kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari